



Umsókn um götu og torgsölu í Hveragerðisbæ.

Umsókn ásamt fylgiskjali skal skila á pappírsformi í móttöku Hveragerðisbæjar

Móttekið dags: ____ / ____ / 20 ____

Fyrirtæki / Nafn

Kennitala

Heimilisfang

Ábyrgðarmaður / tengiliður

Sími

Netfang

Leyfi sem sótt er um:

- ☐ A. Langtímaleigusvæði söluvagna
 - ☐ Við Hveraportið 1 stæði
 - ☐ Planið milli íþróttahúss og pósthússins 1 stæði
 - ☐ Á bílaplani við Hamarshöll 1 stæði
- ☐ B. Markaðs og sölusvæði – stærri viðburðir.
- ☐ C. Markaðs og sölusvæði – einstaklinga
 - ☐ Við Hveraportið (3)
 - ☐ Á stétt við Hveragarðinn (3)

Fylgiskjöl:

- ☐ Bréf frá umsækjanda með nákvæmum upplýsingum um starfsemi í samræmi við kröfur í Samþykkt um götu- og torgsölu í Hveragerðisbæ frá 15. október 2020.

Með undirskrift sinni staðfestir umsækjandi að hann hafi kynnt sér „Samþykkt og gjaldskrá um götu- og torgsölu í Hveragerðisbæ“.

Samþykki Hveragerðisbæjar.

Hveragerði dags: ____ / ____ / 20 ____

Hveragerði dags: ____ / ____ / 20 ____

Gildistími leyfis: _____ - _____

Undirskrift umsækjanda

Byggingarfulltrúinn í Hveragerði.

Umsóknareyðublað gert í samræmi við:
Samþykkt og gjaldskrá um götu- og torgsölu í Hveragerðisbæ frá 15. október 2020.

Samþykkt og gjaldskrá um götu- og torgsölu í Hveragerðisbæ

1. gr.

Tilgangur og almennar forsendur

Götu- og torgsala glæðir bæjarfélagið lífi, eflir bæjarbrag og eykur við fjölbreytni í starfsemi og þjónustu bæjarins.

Samþykkt þessi um götu- og torgsölu á við um hvers kyns kynningar-, sölu- og þjónustustarfsemi í Hveragerðisbæ sem fer fram utanhúss og á almannafæri, s.s. á torgum, götum, gangstéttum og í almenningsgörðum. Samþykktinni er ætlað að tryggja að vel sé að þessum málaflokki staðið, sölustarfsemi sé í sátt við nærumhverfi sitt og að upplýsingar séu aðgengilegar og gagnsæjar.

Götu- og torgsala er leyfisskyld í Hveragerðisbæ og eru leyfi gefin út í tilgreindan tíma af bæjarráði Hveragerðisbæjar. Þrír valkostir eru í boði, allir leyfisskyldir sjá nánar 3. gr.

Þeir eru:

- a. Langtímaleigusvæði söluvagna
- b. Markaðs- og sölusvæði – stærri viðburðir.
- c. Markaðs- og sölusvæði - einstaklinga

Minniháttar góðgerðasölur, s.s. tombólur og styrktarsala sem eru ekki í ágóðaskyni, eru ekki leyfisskyldar og falla ekki undir samþykkt þessa. Önnur sala, sem hvorki krefst yfirbyggingar né sérstakrar aðstöðu að neinu leyti, t.d. dagblaðasala er heldur ekki leyfisskyld og fellur ekki undir samþykkt þessa.

Almennt gildir eftirfarandi:

- Götu- og torgsala má ekki skerða öryggi og aðgengi gangandi, hjólandi og akandi umferðar eða birgja glugga rekstraraðila á sölusvæðinu.
- Ávallt ber að gæta hreinlætis og er söluaðila skylt að sjá til þess að umhverfi sölusvæðis sé snyrtilegt.
- Götu- og torgsala er háð kvöð um að útlit söluaðstöðu falli vel í umhverfinu og að efnisnotkun, ásýnd og yfirbragð sé vandað og við hæfi þar sem salan á að eiga sér stað.
- Lögð er áhersla á að söluvarningur sé viðbót við það vöruúrval sem fyrir er hjá þjónustuaðilum í bæjarfélaginu.
- Merkingar skulu vera í samræmi við reglur þessar.
- Forsendur fyrir notkun á götum, torgum og landi bæjarins er að björgunaraðilar s.s. lögregla, slökkvilið og sjúkraflutningar hafi þar ávallt greiðan aðgang og viðunandi starfsskilyrði.

Aðrir skilmálar sölusvæða eru:

- a) Lágmarksfjarlægð frá inngangi næsta rekstraraðila með sambærilega vöru skal vera að minnsta kosti 50 metrar.
- b) Leyfishöfum langtímaleyfa og markaðssölu stærri viðburða er óheimilt að stunda götu- og torgsölu annars staðar en leyfið kveður á um.
- c) Markaðssala einstaklinga er einungis heimiluð á afmörkuðum svæðum, sjá 3. gr. c-lið.
- d) Tryggja skal að ekki hljótist mengun af starfseminni.
- e) Leyfishafar langtímaleyfa og markaðssölu stærri viðburða skulu alltaf hafa leyfisbréf tiltæk.

Götu- og torgsöluleyfi er ekki hægt að framselja eða framleigja.

2. gr. Umsóknarferli og málsmeðferð umsókna langtímaleyfa og markaðssölu fyrir stærri viðburði

Byggingafulltrúi hefur umsjón með götu- og torgsölu og sér um leyfisveitingar langtímaleyfa og markaðssölu stærri viðburða, auk eftirlits og upplýsingagjafar.

Afgreiðslum byggingafulltrúa geta umsækjendur vísað til bæjarráðs sem fer með úrskurðarvald um málefni götu- og torgsölu f.h. bæjarins á grundvelli samþykktar þessarar. Leyfisveiting byggist meðal annars á umsóknum þar sem gerð er grein fyrir starfseminni og öðrum þáttum, sjá nánar ákvæði 2. greinar.

Fyrirkomulag úthlutunar langtíma- og markaðssöluleyfa stærri viðburða byggir á „fyrstur kemur- fyrstur fær“ fyrirkomulagi og á það við um eitt leyfi að hámarki. Í því felst að umsóknir verða samþykktar í þeirri röð sem þær berast, sjá þó ákvæði 3. gr.

Leyfisveiting byggir á mati á þeirri umsókn sem berst, þar sem gera skal ítarlega grein fyrir fyrirhugaðri sölustarfsemi og allri umgjörð hennar; vöruframboði, þjónustu, staðsetningu, útliti og öllum aðbúnaði sem starfseminni fylgir. Leitast verður við að hafa fjölbreytta starfsemi á hverjum stað.

Á sölusvæðum eru tengingar við fráveitu og vatnsveitu bannaðar. Hveragerðisbær mun útvega rafmagnstengil á nærliggjandi húsvegg sé það húsnæði í eigu bæjarfélagsins og getur leyfishafi þá tengt sig við rafmagn sem greitt verður fyrir samkvæmt mæli.

Úthlutun byggir á fjórum meginþáttum:

- Reglunni fyrstur kemur, fyrstur fær.
- Gæðum umsóknar og þeim upplýsingum sem þar koma fram.
- Kröfu um fjölbreytileika og mismunandi framboð á þjónustu í bæjarfélaginu.
- Fyrri reynsla af rekstri umsækjanda ef um slíkt er að ræða.

Hveragerðisbær er heimilt að hafna umsóknum ef hann telur að sú starfsemi sem í umsókninni felst uppfylli ekki kröfur um sölustarfsemi og/eða að starfsemin uppfylli ekki kröfur um fjölbreytileika og mismunandi framboð á þjónustu í bæjarfélaginu. Umsóknum án tilskilinnna gagna og leyfa er hafnað.

Höfnun skal rökstyðja með málefnalegum hætti. Hafni leyfisveitandi umsókn þá fellur umsóknin út og næsta umsókn þar á eftir færist upp í hennar stað.

Hveragerðisbær auglýsir, eigi síðar en 1. febrúar ár hvert, á heimasíðu bæjarfélagsins hvenær opnað verður fyrir umsóknum um götu- og torgsöluleyfi. Frá og með auglýsingardegi verða umsóknir auðkenndar með dagsetningu og tíma þegar móttaka umsókna er staðfest.

Götu- og torgsöluheimildir (markaðssala einstaklinga og markaðssala stærri viðburða) utan langtímaleyfa gilda ekki á eftirtöldum hátíðum: sumardagurinn fyrsti, 17. júní, verslunarmannahelgi, á Garðyrkju- og blómasýningunni Blóm í bæ eða á Blómstrandi dögum og einnig ef um er að ræða sérstaka viðburði á vegum eða í samvinnu við Hveragerðisbær og/eða í samstarfi við viðburðahaldara. Skal auglýsa fyrirkomulag sölustarfsemi á ofangreindum viðburðum og hátíðum og veita tilskilin leyfi.

a) Eyðublöð vegna umsókna um langtímaleyfi og markaðssölu fyrir stærri viðburði er hægt að nálgast á heimasíðu Hveragerðisbæjar.

b) Í umsókn skulu koma fram nákvæmar upplýsingar eftir því sem við á, t.a.m.

- 1.1. ósk um staðsetningu og stærð
- 1.2. uppráttur af tilhögun sölusvæðis
- 1.3. ósk um gildistíma söluleyfis
- 1.4. sölustarfsemi og vöruframboð
- 1.5. gerð söluaðstöðu, umfang og umgjörð
- 1.6. útlit söluaðstöðu

- 1.7. söluop
- 1.8. sölu/opnunartíma
- 1.9. auglýsingar
- 1.10. fjöldi söluaðila
- 1.11. sorpílat
- 1.12. orkugjafa
- 1.13. raforkuþörf

c) Með umsókn skulu fylgja umsagnir þeirra aðila sem þörf er á hverju sinni, s.s. lögreglustjóra og eldvarnaeftirlits.

Sá sem vill selja matvæli eða aðra neysluvöru skal sækja um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 m.s.b.

Sá sem vill selja merkingarskylda efnavöru s.s. snyrtivörur skal sækja um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.b.

d) Handhafar langtímaleyfa og markaðssölu fyrir stærri viðburði skulu uppfylla ákvæði laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu.

3. gr. Þrír valkostir um götu- og torgsölu

Sölustarfsemi getur m.a. farið fram í:

a) sölubífreið og/eða söluvagni sem dreginn er af bífreið eða á annan hátt, þar sem afgreitt er út um söluop, sækja þarf sérstaklega um leyfi og staðsetningu.

b) markaðs- og sölusvæði á stærri viðburðum.

c) sölutjaldi og/eða í opnu rými undir berum himni, ekki þarf að sækja sérstaklega um leyfi ef staðsetning er innan markaðs- og sölusvæði einstaklinga

Nánar um valkostina:

a) Langtímaleigustæði sölubífreidda eða vagna:

Á afmörkuðum svæðum er veitt langtímaleyfi fyrir stöðu hreyfanlegra söluvagna, sjá fylgiskjal 1.

Útgefið leyfi gildir í 12 mánuði og fyrir allar hátíðir og viðburði. Sala er heimiluð frá 07:00 til kl. 22:00. Almennt skal miða sölustarfsemi við lokun vínveitingahúsa og tekur framangreind tímasetning mið af því sbr. lög og reglur sem um starfsemina gilda á hverjum tíma eða eftir ákvörðun bæjarráðs hverju sinni. Forleiguréttur er í gildi fyrir þessi svæði og hefur umsækjandi sem hefur haft leyfi frá fyrra ári, forgang umfram aðra.

Umsækjandi skal vera skuldlaus við Hveragerðisbæ og skal hafa virt lögreglusamþykkt Hveragerðisbæjar og samþykkt þessa við endurumsókn að öðrum kosti fellur forleigurétturinn niður.

Greitt skal fyrir langtímaleigusvæði kr. 300.000,- pr. ár.

Uppsögn, lok og afturköllun söluleyfis er skv. 6. gr. Sölusvæði geta tekið breytingum á leyfistímanum.

b) Markaðs- og sölusvæði - stærri viðburðir.

Hægt er að sækja sérstaklega um afnot af bæjarlandi fyrir stærri markaði eða viðburði í margvíslegum tilgangi s.s. sirkus, tívolí, litbolta o.þ.h. Sala/opnunartími er heimilaður frá kl. 8:00 til 23:00.

Leyfisgjald skal vera 50.000 kr. pr. leyfi. Leyfi gildir í 10 daga að hámarki að jafnaði.

Leyfi fyrir staðsetningu markaðs- og sölusvæði gildir ekki á stærri hátíðum sbr. 2. gr.

Uppsögn, lok og afturköllun söluleyfis er skv. 6. gr.. Sölusvæði geta tekið breytingum á leyfistímanum.

c) Markaðs- og sölusvæði einstaklinga

Á afmörkuðum svæðum er heimilt að stunda götu- og torgsölu án sérstaks leyfis sbr. fylgiskjal nr. 1 þessarar samþykktar. Sala er heimiluð frá kl. 09:00-21:00.

Gerð er krafa um að söluvarningur sé viðbót við það vöruframboð sem fyrir er hjá nærliggjandi verslunar- og þjónustuaðilum.

Svæði sem skilgreint er sem markaðssvæði einstaklinga er við Hveraportið við Breiðumörk og við Hveragarðinn við Hveramörk.

Söluaðilum er gefinn kostur á því að kynna fyrir Skipulags- og mannvirkjanefnd skipulagstillögur að öðrum götu- og torgsölusvæðum sem verða skoðaðar og eftir atvikum samþykktar til reynslu af skipulags- og mannvirkjanefnd.

Rafmagnstenging er fyrir takmarkaðan fjölda við Hveraportið og við Hveragarðinn. Ef óskað er eftir tengingu við rafmagn skal greitt tengigjald kr. 5.000 á dag.

Leyfisgjald er kr. 2.500,- pr. dag. Sækja skal um leyfi á bæjarskrifstofu og greiða við samþykkt umsóknar.

Sölusvæði geta tekið breytingum á leyfistímanum. Leyfi fyrir staðsetningu markaðs- og sölusvæði gildir ekki á stærri hátíðum sbr. 2. gr.

4. gr. Skyldur leyfishafa - umgengni

Eftirfarandi kröfur eru gerðar til leyfishafa:

- a) að sjá til þess að umhverfi sölusvæðis sé ávallt haldið hreinu og snyrtilegu.
- b) að sjá um snjómokstur og hálkuvarnir í nánasta umhverfi sínu, þannig að öryggi vegfarenda verði á hverjum tíma tryggt.

Verði misbrestur á ofangreindu getur byggingafulltrúi látið fjarlægja söluaðstöðu með aðstoð lögreglu og látið hreinsa sölusvæðið á kostnað leyfishafa. Skemmdir á umhverfi sölusvæðis af völdum leyfishafa verða lagfærðar af starfsmönnum Hveragerðisbæjar á kostnað viðkomandi leyfishafa.

5. gr. Útlit og merkingar

- a) Gerð er sú krafa að útlit söluvagns fari vel í umhverfinu, að efnisnotkun, ásýnd og yfirbragð sé vandað og við hæfi á þeim stað sem salan á sér stað.
- b) Öll viðföng, sorpílát, merkingar, borð og annað tilheyrandi skal tilgreina í umsókn um stöðuleyfi. Standborð við hverja sölustöð mega mest vera 0,8 m að þvermáli og skulu aldrei vera fleiri en tvö. Heimilt er að vera með borð sem hægt er að sitja við þó að hámarki fyrir 6 einstaklinga. Að lágmarki skal vera eitt sorpílát við hvern söluvagn.
- c) Óheimilt er að setja upp hvers kyns auglýsingaskilti og merkingar nema á viðkomandi söluvagni.
- d) Með öllu er óheimilt að hengja skilti eða aðrar merkingar í nærliggjandi tré, húsveggi, skilti, staura o.s.frv. Skilti við vegi og á gangstéttum eru með öllu bönnuð.
- d) Allar umbúðir er afhentar eru viðskiptavinum skulu vera úr umhverfisvænum efnum, endurvinnanlegu eða endurnýtanlegu hráefni.

6. gr. Uppsögn, lok og afturköllun söluleyfis

Eftirfarandi ákvæði gilda um uppsögn, lok og afturköllun söluleyfis:

- a) Leyfi getur hvenær sem er verið afturkallað ef ákvæði leyfis þessa eða önnur atriði leyfisins hafa verið brotin, án endurgreiðslu leyfisgjalds.

- b) Leyfi getur hvenær sem er verið afturkallað ef áform eru um að svæðið verði notað í opinberum tilgangi, skal þá endurgreiða leyfishafa eftirstöðvar leyfisgjalds.
- c) Leyfi getur verið afturkallað ef samfelld rof myndast á sölustarfsemi í meira en 90 daga.
- d) Leyfishafa er gert skylt að laga sig að vega- og byggingaframkvæmdum og viðburðum á götu- og torgsölusvæðum, sem geta leitt til tímabundins flutnings og/eða afturköllunar leyfis. Leyfishafa skal tilkynnt um slíkar ráðstafanir með fyrirvara. Ekki eru greiddar bætur fyrir tímabundna afturköllun á langtímaleyfum vegna veghalds eða annarra verkefna veghaldara og landeigenda, t.d. þar sem lagnir eða leiðslur hafa brostið.
- e) Við uppsögn leyfis hvílir sú kvöð á leyfishafa að fjarlægja söluaðstöðu þ.m.t. alla fylgihluti og innréttingar af sölusvæði. Ef verkið er ekki unnið innan tilgreinds tímafrests getur byggingafulltrúi látið fjarlægja söluaðstöðu með aðstoð lögreglu og látið hreinsa sölusvæðið á kostnað leyfishafa.
- f) Hveragerðisbæ er heimilt að segja upp söluleyfum þessum ef breytt nýting á nærliggjandi húsnæði og umhverfi krefst þess. Uppsagnarfrestur í þessum tilfellum er 90 dagar.

7. gr. Aðrar reglur og yfirvöld

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar setur sérstakar reglur um fyrirkomulag og staðsetningu sölustarfsemi á bæjarhátíðum hverju sinni, sjá nánar 2. gr.

8. gr. Breytingar á fjárhæð gjalda

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í október 2020 (148,4) og skulu uppfærð miðað við byggingarvísitölu 1. janúar hvers árs.

8. gr. Ágreiningur

Úrskurðarvald um ágreining vegna þessarar samþykktar hefur bæjarráð Hveragerðisbæjar. Mál sem hlotist geta af samþykkt þessari skal reka fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

9. gr. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi við samþykkt bæjarstjórnar. Ákvæði 2. greinar um úthlutun og tímafresti auglýsingar gilda ekki við fyrstu úthlutun leyfanna árið 2020. En árið 2020 verða leyfin auglýst um leið og samþykkt þessi hefur verið samþykkt af bæjarráði sem fengið hefur fullnaðarumboð bæjarstjórnar vegna þessa máls.

Samþykkt af bæjarráði þann 15. október 2020, en bæjarráði var falið var falið fullnaðarumboð í þessu máli af bæjarstjórn á fundi þann 8. október 2020.

Hveragerði 15. október 2020.

Aldís Hafsteinsdóttir
Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri



Fylgiskjal 1

Svæði fyrir langtímaleyfi söluvagna:

Við Hveraportið 1 stæði

Planið milli íþróttahúss og pósthússins 1 stæði

Á bílaplani við Hamarshöll 1 stæði

Markaðs- og sölusvæði einstaklinga:

Við Hveraportið (3)

Á stétt við Hveragarðinn (3)